

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
10. fundur þriðjudaginn 14. maí 2019 kl. 8.30
Skjaldbreið.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) sem jafnframt ritaði fundargerð. Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) forfallaðist.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla. Tillögur að bréfkosningu og útfærsla á hlutverki sveitarfélaga.

Lagt fram vinnuskjal um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Farið yfir og rædd tillaga að ákvæði um bréfkosningu. Rætt að ákvæðið geymði heimild fyrir kjósenda sem staddur væri erlendis til þess að greiða atkvæði bréflega. Ekki ætti að binda kosningaathöfnina við lýsingu 2. mgr. 63. gr. heldur lýsa henni í nýjum málslið við þá grein. Rætt um að samræma skilyrði um hverjir mega koma að því að votta atkvæðagreiðsluna. Ekki ætti að útiloka maka, barn eða foreldra kjósenda. Á hinn bóginn gæti frambjóðandi eða fjölskylda hans ekki vottað atkvæðagreiðsluna. Starfsmönnum falið að stilla upp nýrri tillögu.

Samþykkt að leggja til að sýslumaður skuli að ósk sveitarstjórnar skipa kjörstjóra, sem geti verið starfsmaður sveitarfélags til þess að annast atkvæðagreiðsluna. Jafnframt að í greinagerð yrði gerð nánar grein fyrir sjónarmiðum um að auka aðgengi kjósenda að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar líkt og tíðkast í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þá var lögð til orðalagsbreyting við ákvæði 3. mgr. 64. gr. um aðstoð við kjósenda. Loks var bent á að huga þyrfti að því að láta reglugerðarheimild ná einnig almennt til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvort ekki megi um leið stytta frekar umfjöllun laganna um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. Tímáfrestir, kosningaathöfnin, kjörseðlar, eftirlitsmenn, kærunefndin o.fl.

- ÞV rakti fyrirleggjandi tillögur vinnihóps um endurskoðun kosningalaga. Fram kom að huga þyrfti að nánar að þeim takmarkaða tíma sem gert væri ráð fyrir til þess að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið um skráningu

stjórn málasamtaka og úthlutun listabókstafa til til birtingar. Jafnframt þyrfti að fara ábendingar og athugasemdir ÁJ t.a.m. um að skipta megi fyrir kjördæmunum í Reykjavík og um viðmiðunardag kjörskrár við framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og við skiptingu kjördæmanna í Reykjavík.

- Rætt stuttlega um kosningaathöfnina og kjörseðla og um heimild fyrir eftirlitsmenn til þess að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd kosninga.
- Rætt um nauðsyn þess að endurskoða fyrirbyggjandi ákvæði um kærunefnd kosningamála, þar sem nefndin mun einnig fjalla um ágreiningsmál í tengslum við sveitarstjórnarkosningar, forsetakosningar og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.
- Rætt stuttlega um málsmeðferðarreglur og nauðsyn þess að taka afstöðu til gildissviðs laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fundi slitið kl. 9:50.